

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi auglýsir eftir umsóknum

AVS rannsóknasjóður hefur að markmiði að styrkja verkefni, sem stuðla að auknu verðmæti íslensks sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og fiskeldis. Sjóðurinn auglýsir nú eftir umsóknum í verkefni 2019 með þetta að markmiði. Skilafrestur umsókna er til kl. 20, **1. desember 2018**. Umsóknum ber að skila rafrænt á netfangið avs@byggdastofnun.is og bréflaga á póstfangið **Byggðastofnun v/AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi, Ártorgi 1, 550 Sauðárkrókur**. Vakin er athygli á því að umsóknum þarf bæði að skila rafrænt og bréflaga.

Styrkir sem sjóðurinn veitir falla undir tvo flokka:

a. Styrkir til rannsókna- og þróunarverkefna

Styrkir til afmarkaðra rannsókna- og/eða þróunarverkefna, sem falla að markmiðum sjóðsins. Veittur er styrkur til eins árs í senn og skal í umsókn gera grein fyrir verkþáttum og fjármögnun. **Hver styrkur getur numið allt að tólf milljónum króna.**

Hægt er að sækja um styrki til umfangsmeiri verkefna (framhaldsverkefna), sem unnin eru á lengri tíma, eða allt að þremur árum, en sækja þarf um styrk á hverju ári. Hafi verkefnið áður verið styrkt, þarf að gera grein fyrir framvindu þess áður en styrkumsókn er afgreidd.

b. Smá- eða forverkefni

Hægt er að sækja um styrki til smærri verkefna eða til að undirbúa stærra verkefni á sviði rannsókna og/eða þróunar. **Styrkupp hæð getur numið allt að þremur milljónum króna og skal verkefnið unnið innan tólf mánaða.**

Um alla styrki gildir að framlag sjóðsins má ekki fara fram yfir 50% af heildarkostnaði og sjóðurinn tekur ekki þátt í að styrkja fjárfestingar

Nánari upplýsingar og umsóknarblað er að finna á heimasíðu sjóðsins www.avs.is

AVS rannsóknasjóður
í sjávarútvegi

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi
starfar á vegum Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneytis